

12

14. gr.

24. febr.

Reglugerð þessi fær gildi er aðalfundur hefir samþykkt hana og heilbrigðismálaráðherra staðfest hana. Henni verður því aðeins breytt að sama aðferð sé höfð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. febrúar 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

13

REGLUGERÐ

4. marz

um viðauka við reglugerð um útvarpsrekstur ríkisins frá 24. janúar 1936.

Á eftir orðunum: „og er þá uppsögnin bundin við 30. júní sama ár“ í 55. gr. komi ný setning svo hljóðandi: Útvarpsnotandi, sem segir upp útvarpsnotum, getur ekki tekið þau upp að nýju fyrir en að 6 mánuðum liðnum.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 68, 28. des. 1934, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 4. marz 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

14

ARÐSKRÁ

4. marz

fyrir veiðifélag Vatnsdalsár.

Arður af veiði í fiskihverfi Vatnsdalsár telst í 1300 einingum, er skulu skiptast milli jarða á félagssvæðinu, svo sem hér segir:

Hjaltabakki	33
Skinnastaðir	34
Akur	62
Stóra-Giljá	5
Beinakelda	4
Litla-Giljá	4
Hnausar	88
Bjarnastaðir	50
Másstaðir	12
Hjallaland	10
Hvammur	20
Eyjólfsstaðir og Bakki	18
Hof	32
Köflustaðir	18
Gilá	10
Mararnúpur	6
Guðrúnarstaðir	2
Kárdalstunga	1
Þórormstunga	38
Þorfustaðakot	44

Gilá	10
Marðarnúpur	6
Guðrúnarstaðir	2
Kárdalstunga	1
Dórormstunga	38
Torfustaðakot	44
Forsæludalur	38
Grimstunga	95
Haukagil	46
Saurbær	32
Ás	44
Brúsastaðir	7
Snæringstaðir	5
Undirfell	35
Kornsa	14
Gilsstaðir	14
Flaga	14
Helgavatn	14
Hnjúkur	16
Breiðabólstaður	10
Miðhús	16
Vatnsdalshólar	86
Sveinsstaðir	103
Steinnes	35
Leysingjastaðir	10
Þingeyrar og Geirastaður	175

Samtals: 1300 einingar.

Arðskrá þessi gengur í gildi nú þegar, og skal hún gilda til 31. des. 1940.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. marz 1937.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

G J A L D S K R Á

fyrir rafveitu Ísafjarðar.

15

8. marz

I. Verð á raforku.

Rafveita Ísafjarðar selur raforku á virkjunarsvæði sínu í Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhreppi með eftirtöldu verði:

- Orku, sem aðeins er notuð til almennrar lýsingar, selur rafveitan um kíló-wattstundamæla fyrir 75 aura hverja kwst. Yfir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst selur hún þó orku um venjulega ljósamæla fyrir 7 aura hverja kwst.
- Orka til véla verður seld á 25 aura hver kwst. Þó má rafveitustjórn semja sér-staklega um verð á orku til véla 15 kw. eða stærri, enda sé árleg notkun þeirra eigi skemmri en 1000 klukkustundir.
- Til suðu og hitunar selur rafveitan orku á 7 aura hverja kwst. Þó má rafveitu-stjórn fyrst um sinn selja raforku til hitunar á húsum fyrir 4 aura hverja kwst., en þó aðeins með því skilyrði að segja megi þeirri notkun upp fyrirvaralaust, ef nauðsynlegt er að álitu rafveitustjórnar.